

# INNKAUPAREGLUR GARÐABÆJAR

## 1. gr.

### Tilgangur og markmið

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Garðabæjar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem sveitarfélagið kaupir.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að sveitarfélagið hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnslá sveitarfélagsins á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnsluhætti.

Markmið Garðabæjar með reglum um innkaup eru:

Að við innkaup sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.

Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við Garðabæ.

Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.

Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til Garðabæjar.

Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum.

Að við innkaup sé beitt útboðum að eins miklu leyti og unnt er og hagkvæmt þykir.

Að samræma innkaup fyrir einstakar stofnanir að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða- og umhverfissjónarmiða.

Að ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Garðabæjar sé á hendi viðkomandi stjórnenda.

## 2. gr.

### Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir, svið og deildir sem rekin eru á vegum Garðabæjar.

## 3. gr.

### Lög og reglur um innkaup

Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup Garðabæjar, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 þar sem við á.

## 4. gr.

### Hugtakið innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

Samningar um rannsókn og þróun á þjónustu teljast ekki til innkaupa skv. reglum þessum. Það á þó ekki við ef um er að ræða samninga þar sem kaupendur, sbr. 2. gr. reglna þessara, bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

## 5. gr.

### Innkaupaaðferðir

Við innkaup sveitarfélagsins skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.
- Innkaup samkvæmt rammasamningi eða afsláttarsamningi.

Við innkaup sveitarfélagsins er einnig heimilt, þar sem við getur átt, að beita eftirtöldum aðferðum:

- Samningskaupum, að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum, án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.

Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út, eins og þjónustuútboð, verkútboð, vöruútboð, en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi. Forval er hluti útboðsferils.

## **6. gr.**

### **Umsjón og ábyrgð innkaupa / útgjaldaheimildir**

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Forstöðumönnum/deildarstjórum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Forstöðumenn/deildarstjórar geta með samþykki fjármálastjóra veitt einstökum starfsmönnum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup. Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber fjármálastjóri ábyrgð á að viðhalda skránni.

Tækni- og umhverfissvið veitir þeim sem af hálfu Garðabæjar kaupa vörur, þjónustu og verklegar framkvæmdir þjónustu og aðstoð vegna innkaupa. Skal sviðið annast öll útboð, forval og fyrirspurnir fyrir framangreinda aðila, sem og samningskaup.

Fjármála- og stjórnsýslusvið er með lögfræðilega ráðgjöf í innkaupa- og útboðsmálum og varðandi yfirferð útboðsgagna. Það skal vinna að því að styrkja stjórnsýslu innkaupamála, samræma og staðla almennar útboðslýsingar, sem notaðar eru við útboð á vegum sveitarfélagsins.

## **7. gr.**

### **Útboðsskylda**

Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup sveitarfélagsins. Skylt er að viðhafa útboð þegar áætluð samningsfjárhæð vegna verklegrar framkvæmdar er yfir kr. 30.000.000, vegna kaupa á þjónustu yfir kr. 15.000.000 og vegna vörukaupa yfir kr. 10.000.000. Í tilviki verðfyrirspurna gilda viðmið samkvæmt 17. gr. Allar fjárhæðir í reglum þessum eru tilgreindar með virðisaukaskatti. Þegar ófyrirséðar, sérstakar aðstæður kalla á getur bæjarráð tekið ákvörðun um að víkja frá skyldu til útboðs samkvæmt innkaupareglum sveitarfélagsins.

## **8. gr.**

### **Áætlun fjárhæða innkaupa**

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa að meðtöldum virðisaukaskatti miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin ætti að birtast. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga. Ef gert er ráð fyrir að samningur verði gerður um viðskiptin skal tekið tillit til lengdar samningstíma að viðbættum framlengingarsamningstíma, auk ætlaðrar fjárhæðar samningsviðskiptanna. Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður til að lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð innkaupa. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

## **9. gr.**

### **Samræming innkaupa**

Fjármála- og stjórnsýslusvið skal standa vörð um að hagkvæmni sé gætt í innkaupum sveitarfélagsins m.a. með því að samræma innkaup og gera rammasamninga þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almennt not fyrir.

**10. gr.**  
**Opið útboð**

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað skal almennt viðhafa opið útboð.

**11. gr.**  
**Lokað útboð**

Þegar opnu útboði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi er heimilt að viðhafa lokað útboð. Almennt skal lokað útboð ekki viðhaft nema að undangengnu forvali. Þegar lokað útboð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og því skal lágmarksfjöldi þátttakenda vera fjórir, ef þess er nokkur kostur.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk, skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk. Sama gildir að breyttu breytanda þegar um er að ræða kaup á þjónustu eða vöru. Til að tryggja framangreint skal lokað útboð viðhaft þegar útboðsskylda er fyrir hendi, sbr. 9. gr.

**12. gr.**  
**Forval**

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.

**13. gr.**  
**Lokað útboð án forvals**

Samþykki bæjarráðs þarf til að viðhafa lokað útboð meðal valdra bjóðenda, án forvals, enda liggja málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

**14. gr.**  
**Auglýsing útboða og forvals**

Útboð og forval skal auglýsa í almennum fjölmiðli og á heimasíðu Garðabæjar. Skal koma fram í auglýsingu hvar og hvenær forvals- og útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hver frestur er til að skila tilboði og skilafémi þess sem verið er að bjóða út.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

**15. gr.**  
**Útboðsgögn**

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila.

## 16. gr.

### Framkvæmd og umsjón útboða

Gerð og frágangur forvals- og útboðslýsinga er á ábyrgð þeirra sem kaupa vöru, þjónustu eða verklegar framkvæmdir fyrir hönd sveitarfélagsins. Tækni- og umhverfissvið annast framkvæmd allra útboða á vegum sveitarfélagsins.

## 17. gr.

### Fyrirspurnir

Þegar ekki er viðhaft útboð eins og meginreglan í 7. gr. kveður á um vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal fyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta. Skylt er að fyrirspurn sé undanfari viðskipta þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegrar framkvæmdar er yfir kr. 20.000.000, yfir kr. 10.000.000 þegar um þjónustu er að ræða, en yfir kr. 5.000.000 þegar um vörukaup er að ræða. Allar fjárhæðir með virðisaukaskatti.

Þeir sem kaupa vöru, þjónustu eða verklegar framkvæmdir fyrir hönd sveitarfélagsins annast fyrirspurnir samkvæmt þessari grein. Fyrirspurn er framkvæmd þar sem útboð er ekki talið eiga við til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með símbréfi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða á tilsettum opnunartíma skal skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

## 18. gr.

### Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun.

## 19. gr.

### Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Ef kaupandi hyggst meta hagkvæmni tilboða á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þær forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi, nema slíkt sé útilokað. Heimilt er að taka tillit til umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs.

## 20. gr.

### Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Óheimilt er að gera samning við þann sem eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna.

Þegar áætluð samningsfjárhæð, vegna verk- og þjónustusamninga, er kr. 30.000.000 eða hærrí með virðisaukaskatti er óheimilt að gera samning við aðila, ef ársreikningur sýnir neikvæða eiginfjárstöðu. Sé þess krafist er tilboðsgjafa skylt að sýna fram á regluleg bankaviðskipti og tryggingu vegna

samningsefnda. Þá er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í forvölum og lokuðum útboðum þótt samningsfjárhæð sé lægri en að framan greinir.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrir en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Heimilt skal bæjarráði að víkja frá skilyrðum um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa enda hafi í útboðsskilmálum ekki verið gerð krafa um slíkt.

## **21. gr.**

### **Ákvörðunarvald um val á samningsaðilum og þátttakendum**

Að loknu útboði skal kaupandi leggja rökstudda tillögu um val á samningsaðila fyrir tækni- og umhverfissvið. Hið sama gildir um val á þátttakendum í lokuðu útboði. Verði ágreiningur milli kaupanda og tækni- og umhverfissviðs skal honum vísað til ákvörðunar bæjarráðs. Kaupanda er jafnframt ætíð heimilt að vísa málum til bæjarráðs þótt ekki sé ágreiningur.

Með samþykki bæjarráðs getur kaupandi skipað sérstaka dómnefnd eða forvalsnefnd til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, hönnunarsamkeppni eða annars konar samkeppni, og skal þá niðurstaða nefndar ráða vali. Þess skal gætt að meðal dómnefndarmanna sé að finna aðila með sérþekkingu á innkaupamála. Þegar niðurstöður dóm- eða forvalsnefndar ráða því hverjir fái rétt til áframhaldandi þátttöku í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum skal koma skýrt fram í forvalsgögnum eða öðrum gögnum sem dreift er til hugsanlegra þátttakenda hvaða forsendur dóm- eða forvalsnefnd skuli leggja til grundvallar við val sitt. Þegar dómnefnd er skipuð skal þess gætt að forsendur niðurstöðu komi skýrt fram í útboðsgögnum. Með sama hætti getur kaupandi skipað dómnefnd til að meta hagstæðasta tilboð eða vinningshafa í samkeppni. Niðurstaða dómnefndar skal lögð fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu.

## **22. gr.**

### **Kærur og kvartanir**

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007, getur aðili borið fram kærur til kærunefndar útboðsmála, sbr. XIV. kafla laganna. Kæra skal berast nefndinni skriflega innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum, sbr. 94. gr. laga nr. 84/2007.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá sveitarfélaginu sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til bæjarráðs. Kvörtun skal berast bæjarráði skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

## **23. gr.**

### **Hæfis- og siðareglur**

Enginn starfsmaður sveitarfélagsins eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum sveitarfélagsins og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið nema með sérstakri heimild bæjarstjóra hverju sinni.

**24. gr.**  
**Trúnaðarskylda.**

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

**25. gr.**  
**Tengdir aðilar**

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber fjármálastjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 23. gr. um hæfis- og siðareglur.

**26. gr.**  
**Gildistaka**

Reglur þessar eru settar með vísan til 19. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og samþykktar á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 18. febrúar 2010 til að öðlast þegar gildi.

Fjárhæðir samkvæmt reglum þessum skulu breytast árlega með hliðsjón af byggingarvísitölu við gildistöku reglnanna.

*Garðabæ, 18. febrúar 2010*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*